

**1070. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 19. ágúst 2019 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Nanný Arna Guðmundsdóttir, Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður og Hafdís Gunnarsdóttir formaður.

Embættismenn:

Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri.

Dagskrá:

1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019 - 2018120062

Lagður fram viðauki 8 við fjárhagsáætlun 2019. Um er að ræða leiðréttingar á fjárhagsáætlun vegna m.a. breyttra forsenda. Í fyrsta lagi aukinn kostnað á launum Íþróttamiðstöðvar Þingeyri kr. 1.598.059,- sem vantaði inn í samþykkt áætlun og er mætt með lækkun á launapotti. Í öðru lagi breytt reikningsskilaaðferð á Eyri sem lækkar rekstrartekjur að fjárhæð 39.381.810,-, lækkar afskriftir um 20.052.575,-, eykur verðbótatekjur að fjárhæð 60.749.483,- og eykur eignir um 41.420.248,-. Rekstrarhalli Eyrar lækkar því um 41.420.248,- og fer því úr því að vera halli að fjárhæð 58.231.785,- í að vera halli að fjárhæð 16.811.537,-. Í þriðja lagi er um að ræða leiðréttingu á vaxtakostnaði og verðbótum að fjárhæð 32.906.108,- vegna lántöku sem áætluð var á eignasjóð en bókuð á aðalsjóð, áhrif á sveitarsjóð eru engin. Að lokum var gerður efnahagsviðauki sem leiðréttir áætlun 2019 í samræmi við lokaniðurstöðu ársreiknings 2018 og hækkar handbært fé í áætlun við það um 117 m.kr. Áhrif viðaukans í heild á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er aukin afkoma að fjárhæð 41.420.248,- eða úr afkomu 8.000.000,- í kr. 49.420.248,- en áhrifin á sveitasjóð A hluta er kr. 0 og því rekstrarhalli óbreyttur í kr. 78.171.648,-

Bæjarráð samþykkir framlagðan viðauka og leggur áherslu á að unnið verði að farsælli lausn varðandi samstarfssamning Ísafjarðarbæjar og ríkisins vegna hjúkrunarheimilisins Eyrar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:09

Edda María Hagalín, fjármálastjóri mætir til fundar kl. 8:09.

2. Ársfjórðungsuppgjör Q2 2019 - 2019070025

Lagt er fram til kynningar uppgjör Ísafjarðarbæjar fyrir annan ársfjórðung 2019 sem var sent Hagstofu Íslands 8. ágúst síðastliðinn auk minnisblaðs sem er kynnt.

Uppgjörið sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 61 m.kr. fyrir janúar til júní 2019. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðum rekstrarafgangi upp á 48,9 m.kr.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri. - 08:29

Edda María Hagalín fer af fundi kl 8:47.

3. Umsókn um lóðarleigusamning, Hlíðarvegur 17 - 2019070004

Tillaga 523. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 14. ágúst 2019, um að heimila endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Hlíðarvegi 17.

Bæjarráð samþykkir endurnýjun lóðaleigusamnings.

4. Umsókn um lóðaleigusamning - Hlíðarvegur 26a - 2018100048

Tillaga 523. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 14. ágúst 2019, um að heimila útgáfu lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Hlíðarvegi 26a, Ísafirði.

Bæjarráð samþykkir endurnýjun lóðaleigusamnings.

5. Umsókn um lóðarleigusamning, endurnýjun. Hlíðarvegur 30, 400 - 2019080014

Tillaga 523. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 14. ágúst 2019, um að heimila endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar við Hlíðarveg 30.

Bæjarráð samþykkir endurnýjun lóðaleigusamnings.

6. Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar - 2019080020

Tillaga 523. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 14. ágúst sl., um að staðfesta umsögn nefndarinnar um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Nefndin bókaði eftirfarandi:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við breytingu Aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018, þ.e. breyting á íbúðarsvæði við Lönguhlíð sbr. uppdráttur frá Landmótun dags. 22.07.2019, breytingin varðar ekki hagsmuni Ísafjarðarbæjar. Nefndin gerir jafnframt ekki athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Vesturbyggðar þ.e. breyting á landnotkun við Melanes, sbr. uppdrátt og greinargerð frá Landnmótun dags. 20.07.2019 Lagt er til við bæjarráð/bæjarstjórn að staðfesta niðurstöðu nefndar.“

Bæjarráð staðfestir umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar.

7. Aðgerðir vegna bílhraja og númerslausra bifreiða í sveitarfélaginu. - 2019020071

Umræður um aðgerðir vegna bílhraja og númerslausra bifreiða í sveitarfélaginu.

Umræður fóru fram.

Gestir

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs. - 09:06

Brynjar Þór Jónasson mætir til fundar kl. 9:06 og fer aftur af fundi kl. 09:15

8. Framtíð flugvallarins á Þingeyri - 2018090052

Lagður fram tölvupóstur Arnórs Magnússonar f.h. Isavia, dagsettur 5. ágúst sl., með svörum við fyrirspurn Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, um framtíð flugvallarins á Þingeyri.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í svörum svæðisstjóra kallar bæjarráð eftir formlegri afstöðu Isavia varðandi framtíð flugvallarins á Þingeyri.

9. Grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi - 2019080033

Lögð fram drög að Grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi. Drögin eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

10. Atvinnu- og menningarmálanefnd - 147 - 1908001F

Fundargerð 147. fundar atvinnu- og menningarmálanefndar sem haldinn var 6. ágúst sl. Fundargerðin er í 2 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Fræðslunefnd - 406 - 1907004F

Fundargerð 406. fundar fræðslunefndar sem haldinn var 8. ágúst sl. Fundargerðin er í 7 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 523 - 1908004F

Fundargerð 523. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 14. ágúst sl. Fundargerðin er í 13 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:44

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Hjördís Þráinsdóttir

Guðmundur Gunnarsson